

Nr. 101 / 13 Bára SH 27***Skipverji slasast við löndun***

Skipaskr.nr. 2102
Smíðaður: Njarðvík 1996, stál
Stærð: 20,89 brl. 29,29 bt.
Mesta lengd: 14,85 m Skráð lengd: 14,06 m
Breidd: 4,78 m Dýpt: 1,96 m
Vél: Volvo Penta 280 kW, 1990
Fjöldi skipverja: 3



Bára©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. febrúar 2014 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmar Snorrasyni. Pálmi K. Jónsson tók þátt í afgreiðslu á drögum skýrslunnar.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8. maí 2013 var Bára SH 27 við bryggju á Rifi.

Verið var að landa úr bátnum og var skipverji upp á bryggju þegar slinkur kom á kranavírinn með þeim afleiðingum að þynging á honum (stálhólkur) slóst í höfuð skipverjans. Við þetta brotnaði m.a. tönn illa.

Við rannsókn kom fram:

- að smá sláttur var á karinu þegar það settist og slakað var of mikið. Kranamaðurinn ætlaði að minnka slakan og hífði aðeins í en við það jókst slátturinn á vírnum. Skipverjinn hafði á sama tíma hallað sér inn á karið til að húkka úr því en fékk þá þynginguna á vírnum í hjálminn sem hann var með;
- að fram kom hjá slasaða að hjálmurinn hafi gert mikið gagn og komið í veg fyrir að ekki fór verr. Unnið hafi verið á of miklum hraða og báðir aðilar verið að flýta sér of mikið.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að unnið var við verkið í flýti.